



# Stúdentaráðsfundur

39. fundur

8. Apríl 2015

**Fundaritari:** Berglind Ósk Guðmundsdóttir

*Fundur settur: 15:00*

**Mættir:** Birgir Marteinson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, Helga Margrét Jóhannesdóttir, Andri Dan Traustason, Friðrik Már Ævarsson, Hrefna Hlín Sigurðardóttir, Unnur Inga Kristinsdóttir.

**Fjarverandi:**

**Dagskrá 2. fundar stúdentaráðs**

1. 100 ára Kosningaréttur Kvenna.
2. Alþjóðlegt Stúdentakort.
3. Nýnemadagar 24.-28. Ágúst.
4. Bætt nemendaaðstaða.
5. Íþróttatímar Hrafnagili og Þelamörk.
6. Önnur mál.

## 1. 100 ára kosningaréttur Kvenna.

22. apríl heldur FSHA málþing í tilefni 100 ára kosningaréttar kvenna. FSHA ætlar að bjóða léttar veitingar og léttu drykki. Dagskráin er skemmtileg og er mikilvægt að viðburðurinn verður kynntur vel innan og utan skólans. Allir velkomnir á Akureyrarsvæðinu. Auglýsum í dagskránni og á N4.

## 2. Alþjóðleg stúdentakort.



Framkvæmdarstjórn ætlaði að kanna hvort að Háskólinn á Akureyri geti orðið fyrsti íslenski háskólinn til þess að vera með alþjóðleg stúdentakort sem gefa stúdentum afslátt víðsvegar um heiminn.

### **3. Nýnemadagar 24.-28. Ágúst**

Nýnemadagarnir verða vikuna 24.-28. Ágúst. Öll sviðin með grill á sínum degi og mikilvægt er að stjórnir mæti og spjalli við nýnemana, félögin eru síðan með nýnemakvöld á sínum nýnemadegi. Á föstudeginum 28. Ágúst verður sprellað í Hömrum og hamborgarar grillaðir. FSHA ætlar sér að verða sýnilegri þessa nýnemaviku en nokkurn tímann áður.

### **4. Bætt nemendaaðstaða**

Óli Búi ræddi við framkvæmdastjórn um ónýtta lesaðstöðu á bókasafni og hugsanlegar lausnir. Stúdentaráð ræddi ýmsar hugmyndir til þess að nýta betur lestrarpláss skólans. Einnig vill framkvæmdarstjórn flytja sig niður á K-gang til þess að bæta nemendaaðstöðu og vera betur í stakk búin að halda stóra fundi og bæta mórál nemenda.

### **5. Íþróttatímar Hrafnagili og Þelamörk.**

Rætt var að hætta með annan íþróttatímamann vegna lélegrar þáttöku. Ákveðið var að setja það í hendur Félags og menningarlífsnefndar að ákvarða hvorn tíminn héldi og hvorum yrði sleppt. Geðrækt er fimm manna teymi sem starfar í tölvupóstasamskiptum og vilja þau koma inn á nýnemadögum og efla geðheilsu nema.

### **6. Önnur mál.**

Allar ábendingar um nýja og skemmtilega dagskrá skólaárið 2015-2016 eru vel þegnar. Þörf á að hrista vel upp í félagslífinu.

*Fundi slitið kl. 16:50*



## Undirskrift fundargesta

Birgir Marteinsonn

**Formaður FSHA**

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

**Varaformaður FSHA**

Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir

**Fjármálastjóri FSHA**

Helga Margrét Jóhannesdóttir

**Formaður Eirar**

Friðrik Már Ævarsson

**Formaður Kumpána**

Unnur Inga Kristinsdóttir

**Forseti Stafnbúa**

Hrefna Hlín Sigurðardóttir

**Formaður Magister**

Axel Trausti Gunnarsson

**Formaður Þemis**

Andri Dan Traustason

**Formaður Reka**